

legur vegna þess, að báðir aðiljar og umboðsmaður stefnda eru ólöglærð, frekar en fléttazt hefur inn í atvikalýsingu hér að framan.

Af framansögðu telur dómurinn rétt að taka aðalstefnukröfu stefnanda til greina.

Vextir eru rétt ákveðnir 8% p.a., og eftir atvikum þykir rétt að telja þá frá stefnubirtingardegi þann 18. marz 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

Dóm þenna kvað upp Axel V. Tulinius sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Ingimundur Sæmundsson, Hlíð, Eskifirði, greiði stefnanda, Guðmundi Á. Auðbjörnssyni, Eskifirði, kr. 8.210.90 með 8% ársvöxtum frá 18. marz 1964 að telja til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. marz 1965.

Nr. 149/1963. **Ragnheiður Helgadóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Óskari Breiðfjörð Jónssyni og gagnsök

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dómian skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1963 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 374.800.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt

7% ársvöxtum frá 1. október 1961 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjaf-sóknarmál. Loks krefst aðaláfrýjandi þess, að staðfest verði löghaldsgerðin frá 28. júní 1963 til tryggingar kr. 170.000.00 af dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 5. marz 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess aðallega, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda, að löghaldsgerðin frá 28. júní 1963 verði felld úr gildi og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 18.500.00 án málskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um kr. 60.000.00 greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda og um staðfestingu löghaldsgerðar. Í héraðsstefnu krafðist aðaláfrýjandi 8% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 1. október 1961 til greiðsludags, en við munnlegan málflutning í héraði krafðist hann 7% ársvaxta um sama tíma. Verða honum nú dæmdir vextir samkvæmt kröfu hans hér fyrir dómi.

Málskostnaður í héraði til handa aðaláfrýjanda þykir hæfilega ákveðinn í héraðsdómi kr. 7.900.00, og skulu kr. 7.000.00 af þeirri fjárhæð renna til skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, og greiðist málflutningsþóknun talsmanns aðaláfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 6.000.00, úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Óskar Breiðfjörð Jónsson, greiði aðaláfrýjanda, Ragnheiði Helgadóttur, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo

greiði gagnáfrýjandi og aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 7.900.00, þar af kr. 7.000.00 til skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns. Staðfestist löghaldsgerðin frá 28. júní 1963 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en málflutningsþóknun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. október 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., hefur Ragnheiður Helgadóttir, Álfaskeiði 29, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1962, gegn Óskari Breiðfjörð Jónssyni, starfsmanni á Elliheimilinu Grund, Reykjavík, til greiðslu á ráðskonukaupi, að fjárhæð kr. 460.000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. október 1961 og málskostnaði að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn í héraði 25. október 1962.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfu sinni þannig, að hún krefst nú greiðslu á kr. 374.400.00 með 7% ársvöxtum, frá sama tíma og áður greinir. Til vara krefst hún annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar.

Til vara, að stefnandi fái tildæmd laun í 2½ ár, miðað við 24.000.00 kr. árslaun, en að frádregnum 75% vegna örorku, og málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara, að stefnandi fái tildæmdar kr. 60.000.00 eða í mesta lagi helming skuldlausra eigna, og málskostnaður falli niður.

Hinn 28. júní 1963 lét stefnandi leggja löghald á efri hæð húseignarinnar nr. 29 við Álfaskeið til tryggingar kr. 170.000.00 af framangreindri dómkröfu sinni.

Með stefnu, útgefinni 1. júlí 1963, höfðaði hún síðan mál gegn stefnda, Óskari Breiðfjörð, krafðist staðfestingar löghalds-

ins og að stefnda yrði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu þar með talinn löghaldskostnað.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og að löghaldsgerðin verði felld niður. Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmd til þess að greiða honum bætur vegna fjártjóns, kr. 40.000.00, og málskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 sameinaði dómarrinn málin, og voru þau flutt í einu lagi.

Málavextir:

Stefnandi kveðst vera fædd 27. febrúar árið 1900. Árið 1924 giftist hún, en skildi við mann sinn eftir 3½ ár. Eftir skilnaðinn kveðst hún hafa flutzt til Hafnarfjarðar ásamt dóttur sinni, sem er fædd árið 1925. Kveðst hún hafa haft dóttur sína hjá sér til 8 ára aldurs og stundað fiskvinnu. Seint á árinu 1937 kynntist hún stefnda. Þjó stefnandi þá í lítilli íbúð, 1 herbergi og eldhúsi á Lækjargötu 24. Kynni aðilja leiddu til þess, að stefnandi varð barnshafandi og ól son 26. september 1938. Um næstu áramót kveður hún stefnanda hafa flutt til sín í íbúðina. Hann hafi fyrst í stað stundað vinnu utan bæjar, á Seltjarnarnesi, en síðan á Bessastöðum, hjá Björgúlfi lækni. Hann hafi þó jafnan komið heim um helgar. Síðar hafi stefndi fengið vinnu í Raftækjaverksmiðjunni h/f, hér í bæ, og þá flutzt algerlega til stefnanda. Þjuggu þau saman að Lækjargötu 24 í átta ár, að sögn stefnanda, og greiddu enga húsaleigu, en húsnæði þetta var eign bæjarsjóðs.

Stefnandi skýrir svo frá, að þau hafi fengið nýja íbúð að Álfa-skeiði 29 hjá Byggingarfélagi alþýðu árið 1947. Þau hafi ekki átt neina peninga sjálf til íbúðarkaupa, en fengið þá hjá bæjarsjóði og Sparisjóði Hafnarfjarðar með ábyrgð bróður stefnanda. Íbúðin hafi verið skráð á nafn stefnda, en hún sé sameign þeirra beggja.

Sambúð stefnanda og stefnda lauk í september 1961, en þá flutti stefndi að heiman. Telur stefnandi, að sambúðarslitin hafi algerlega verið stefnda sök.

Öll þau ár, sem aðiljar þjuggu saman, kveðst stefnandi hafa unnið öll venjuleg húsmóðurstörf. Hún hafi þvegið alla þvotta þar til fyrir 10 árum, er hún varð að ganga undir stóra skurðaðgerð á brjósti. Eftir það hafi stefndi og sonur þeirra aðstoðað við þvottana. Eftir skurðaðgerðina var stefnandi metin 75% öryrki. Þrátt fyrir þetta kveðst stefnandi hafa stundað heimilisstörfin, eins og áður, og hafi stefndi aldrei þurft að kaupa

heimilishjálp. Komi því eigi til greina að lækka kröfur sínar vegna örorkunnar, enda hafi örorkulífeyririnn einatt runnið óskiptur til heimilisþarfa.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá Sigurrós Sveinsdóttur, formanni Verkakvænnafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði, um ráðskonukaup. Segir þar m. a., að barnlausar ráðskonur á heimilum hafi á árunum 1937—1942 haft um kr. 250—350 á mánuði auk fæðis og húsnæðis. Á tímabilinu 1942—1950 hafi þessar ráðskonur haft um 1000—1500 kr. á mánuði, en eftir það kr. 1500—2500, auk fæðis og húsnæðis.

Vottorðið hefur verið tekið gilt sem staðfest.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína um ráðskonukaup þannig:

1939—1942, kr.	300.00 á mánuði í 4 ár	kr.	14.400.00
1943—1950, kr.	1000.00 á mánuði í 8 ár	—	96.000.00
1951—1961, kr.	2000.00 á mánuði í 11 ár	—	264.000.00

Alls kr. 374.400.00

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi eigi gengið heil til skógar undanfarna áratugi. Hún sé mjög „ójafnvæg andlega“ og lítt fær til starfa innan heimilis sem utan, enda hafi tilgreindur geð- og taugalæknir stundað hana áratugum saman.

Ójafnvægi hennar komi m. a. fram í því, að stundum hafi hún viljað sættast við stefnda og undirritað yfirlýsingu um það, en stefndi hafi jafnan viljað fara sáttaleiðina af vorkunnsemi og vinsemi við stefnanda, enda þótt hann telji sig ekki skuldbundinn til þess. Hefur stefndi lagt fram vottfesta yfirlýsingu, dags. 24/11 1962, undirritaða af aðiljum þess efnis, að þau hafi komið sér saman um deiluatríði og að láta mál þetta niður falla. Með yfirlýsingu, dags. 3. desember 1962, afturkallaði stefnandi fyrri yfirlýsingu og fól lögmanni sínum að halda málssókninni áfram.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi vegna örorku sinnar lítið sem ekkert getað sinnt heimilisstörfum, og hafi hann orðið að taka verulegan hluta á sínar herðar og jafnframt miða starf sitt við það, að hann þyrfti ekki að fá mat heima. Þannig hafi hann verið í algjöru fæði og þjónustu hjá Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund s.l. tæp 7 ár. Þar áður, meðan hann vann hjá Rafha, hafi hann einnig verið í föstu fæði hjá fyrir-tækinu.

Heldur stefndi því fram, að hann hafi þó jafnan lagt heimilinu til nægilegt fé, og hafi stefnandi haft örorkubætur sínar algerlega sem eigið eyðslufé. Áður en þau tóku upp sambúð, hafi stefnandi árum saman þegið framfærslustyrk frá Hafnarfjarðarbæ og verið einn þyngsti ómagi bæjarins.

Íbúðina að Álfaskeiði 29 kveðst stefndi hafa fengið úthlutaða að eigin frumkvæði, og hafi stefnandi engan þátt átt í því né lagt neitt af mörkum. Með tilliti til þess, að hann hafi tekið að sér framfærslu stefnanda og greitt fyrir hana rafmagn og hitakostnað, eftir að hann flutti af heimilinu, sé ósanngjarnt, að honum verði gert að greiða stefnanda ráðskonukaup.

Aðalkröfu sína reisir stefndi á framangreindum ástæðum. Varakrafa stefnda, sem hann setti fram við munnlegan flutning málsins, og stefndi byggir á fyrningu, er ekki á rökum reist, þar sem sambúð aðilja var óslitin frá byrjun, unz henni lauk að fullu. Þrautavarakrafa stefnda er á því byggð, að ekki komi til greina, að stefnandi verði betur sett en ef hún hefði gíft stefnda.

Lagt hefur verið fram vottorð um örorkulífeyrisgreiðslur stefnanda s.l. 4 ár, sem hér segir: 1958 kr. 9.211.00, 1959 kr. 10.031.00, 1960 kr. 14.030.00, 1961 kr. 15.394.00.

Samkvæmt vottorði Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, dags. 8. marz 1963, hefur stefndi verið í fæði að öllu leyti hjá stofnuninni s.l. 6½ ár. Í vottorðinu segir enn fremur, að allir þvottar fyrir heimili hans hafi verið þvegnir í stofnuninni.

Aðiljar eru sammála um það, að sambúð þeirra hafi byrjað um áramót 1938—9. Stefnandi málsins hafði þá um skeið aðeins haft fyrir sjálfri sér að sjá, en ekki reynzt þess megnug að sjá sér farborða, og varð bæjarfélagið m. a. að leggja henni til íbúð að kostnaðarlausu. Virðast aðiljar hafa búið saman leigulaust í fyrrgreindri íbúð í 8 ár, en ekki notið framfærslustyrks að öðru leyti.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hún hafi átt íbúðina á Álfaskeiði 29 að hálfu, en ekki sannað eða gert sennilegt, að svo hafi verið. Er eigi annað fram komið en stefndi hafi einn keypt umrædda íbúð og greitt hana.

Árið 1952 var stefnandi úrskurðuð 75% öryrki, eins og að framan greinir. Atvinnu stefnda virðist hafa verið þannig hátt-að, að hann hafi að verulegu leyti verið í fæði utan heimilisins, og einnig er fram komið, að stefnandi hafi ekki getað unnið erfiðari heimilisstörf, svo sem þvotta, eftir að hún gekk undir

læknisaðgerð þá, sem áður getur. Enda þótt heimilishald aðilja hafi þannig ekki verið umfangsmikið, verður þó að gera ráð fyrir, að stefnandi hafi unnið ýmis störf fyrir heimilið, eftir því sem heilsa hennar og geta leyfði. Þykir hún eiga nokkurn rétt til launa fyrir það. Við ákvörðun launa til handa stefnanda ber að hafa í huga, að hún var að mestu eða öllu leyti á opinberu framfæri, þegar hún var enn á bezta aldri og starfsorka hennar óskert, svo og starfsorkuskerðingu hennar síðustu 10 árin, sem aðiljar þjuggu saman.

Að öllu því athuguðu, sem að framan greinir, þykja laun stefnanda hæfilega ákveðin kr. 60.000.00.

Eins og áður greinir, lét stefnandi leggja löghald á efri hæð hússins nr. 29 við Álfaskeið 28. júní s.l. Var löghald gert til tryggingar allt að 170.000.00 kr. af kröfum stefnanda, en sú fjárhæð er nettósöluverð umræddrar íbúðar. Taldi stefnandi nauðsynlegt að tryggja kröfu sína vegna sölu stefnda á íbúðinni og hættu á því, að hann skyti eignum sínum undan, áður en dómur félli í málinu, sem hún hafði höfðað út af ráðskonukaupinu.

Stefndi krefst niðurfellingar löghaldsins og bóta fyrir fjártjón, kr. 40.000.00. Bótakrafa þessi er engum gögnum studd.

Þar sem stefnandi hafði réttmæta ástæðu til þess að leggja löghaldið á til tryggingar kröfum sínum, ber að staðfesta löghaldsgerðina, að því er tildæmdar kröfur varðar.

Úrslit málsins verða þá þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum, eins og krafizt er í stefnu, frá 1. október 1961 til greiðsludags og kr. 7.900.00 í málskostnað.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af miklum embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Löghaldsgerð frá 28. júní 1963 staðfestist til tryggingar öllum tildæmdum kröfum.

Stefndi, Óskar Breiðfjörð Jónsson, greiði stefnanda, Ragneiði Helgadóttur, kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1961 til greiðsludags og kr. 7.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetadóms Hafnarfjarðar 28. júní 1963.

Ár 1963, föstudaginn 28. júní, kl. 1500, var fógetadómur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 29 og haldinn af Hermanni G. Jónssyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetadómsmálið Ragnheiður Helgadóttir gegn Óskari Breiðfjörð Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 beiðni um löghald.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, og krefst hann þess, að gerðin fari fram til tryggingar kr. 170.000.00. Ragnheiður Helgadóttir er einnig mætt í dóminum.

Enginn er mættur af hálfu gerðarþola, og fógeti náði í engan til að gæta réttar hans.

Fógeti lýsti því þá yfir eftir kröfu gerðarbeiðanda, að löghald sé lagt á efri hæð húseignarinnar Álfaskeið 29 til tryggingar kr. 170.000.00.

Fógeti ákvað, að gerðarbeiðandi setti tryggingu, að fjárhæð kr. 60.000.00.

Priðjudaginn 9. marz 1965.

Nr. 40/1965. **María Kristmundsdóttir**
 gegn
Sigmundi M. Andréssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómárárnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal

Kærumál, Frestur veittur til öflunar málgagna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1965, sem Hæstarétti barst 22. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða henni málskostnað í hér- aði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.